

Fundur keppnisráðs í torfæru með BA Haldinn á Messenger fimmtudaginn 27.3.2025 kl 19:00

Fundarritari: Axel Sigurðsson

Mættir: Axel Sigurðsson, Guðbjörn Grímsson, Sigurður Ingi Sigurðsson, Andri Már Sveinsson, Þór Þormar Pálsson, Finnur Aðalbjörnsson, Jónas Freyr Sigurbjörnsson, Helgi Heiðar Jóhannesson, Hrefna Björnsdóttir, Grétar Óli Ingbórsson, Fleiri sátust ekki í mynd.

Óánægja innan raða BA vegna fyrirhugaðra reglubreytinga í torfæru varð til þess að erindi var sent á stjórn AKÍS, regluráð og keppnisráð í torfæru. Ákveðið var að halda fund með fulltrúum BA og keppnisráðs í torfæru til að sjá hvort hægt væri að finna flöt sem allir gætu verið sáttir með.

Rætt var um þónokkurn fjölda reglna þar sem að keppnisráð útskýrði reglur og varð niðurstaða eftir umræður og útskýringar og lítilsháttar breytingar að BA og þeirra liðsmenn myndu senda póst á fyrrnefnda aðila og draga sínar kröfur til baka. Fundarmenn voru hæfilega sáttir við að láta reyna á nýjar reglur á komandi sumri og gera betrubætur á að tímabili loknu.

Það var von fundarmanna að í ljósi niðurstöðu fundar hleypi stjórn og regluráð nýjum reglum áfram og komi þeim í gildi.

Fundi slitið kl 21:10

Viðbót við fundargerð að fundi loknum:

Fundargerð barst frá fundarritara BA, Hrefnu Björnsdóttur. Neðst í fundargerðinni kom fram eftirfarandi setning, "Fulltrúi AKÍS í nefndinni tók skýrt fram að það hefðu verið 3 aðilar sem skrifuðu reglurnar".

Viðbrögð meirihluta keppnisráðs í torfæru við þessari athugasemd má sjá hér að neðan.

Það er rétt að megnið af vinnunni var unnin af þremur aðilum innan keppnisráðs. Reglur voru þó kynntar fyrir afgangi keppnisráðs og tekið við öllum fyrirspurnum og athugasemdum frá þeim aðilum og breytingar gerðar á einhverjum reglum. Reglum var skilað inn til regluráðs þann 15.11.2024 eftir yfirferð allra aðila innan keppnisráðs, til er fundargerð þar sem sagt er frá því að fulltrúar í keppnisráði hefðu verið sammála um að gera slíkt. Regluráð skilaði reglum unnum til baka til keppnisráðs þann 26.2.2025. Axel Sigurðsson tók þá við reglunum og fór í vinnu við að leiðrétta smávægilega hluti tengt orðavali að mestu frá regluráði og var afgangi af keppnisráði gefinn lesaðgangur að þeim breytingum. Breytingunum var svo skilað að nýju til regluráðs þann 19.3.2025 en vinna við reglurnar dróst aðeins vegna veikinda. Regluráð skilaði að nýju frá sér reglunum með punktum sem þyrfti að vinna í þann 25.3.2025. Kvöldið áður þann 24.3.2025 barst póstur frá Bílaklúbbi Akureyrar þar sem að farið var fram á að reglur verði teknar til ítarlegrar endurskoðunar og að því loknu kynntar fyrir keppendum og keppnishöldurum. Farið var fram á að reglur yrðu ekki samþykktar og komið í gildi fyrir komandi keppnistímabil. Ákveðið var að halda fund með BA og keppendum að norðan til að hreinsa andrúmsloftið og útskýra mál keppnisráðs. Fundur var haldinn skv

fundargerð hér að ofan. Að loknum fundi var farið í að gera smávægilegar breytingar samkvæmt niðurstöðu fundar og var meiningin að senda þær breytingar inn til regluráðs í enn eitt skiptið á næstu dögum.

Þess bera að geta að fulltrúar í keppnisráði eru þar á vegum þeirra klúbba sem halda keppnir og eru því þar sem fulltrúar keppnishaldara. Víðtækt samráð var haft við keppendur þar sem að haldnir voru fundir þar sem að boðaðir voru yfir 20 virkir keppendur í torfæru og farið yfir reglubálkinn með þeim og hlustað á athugasemdir þeirra.

Það er skýrt frá hendi meirihluta keppnisráðs að allir aðilar innan keppnisráðs hafa haft möguleika á því að koma fram sínu sjónarmiði og sínum athugasemdum í tengslum við skrif á reglunum. Það er mat keppnisráðs að það sé afar óheppilegt að nokkrum dögum áður en að gert var ráð fyrir að koma reglunum í gildi skuli einum aðila í ráðinu snúast hugur.